

Fundargerð

samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar

23. október 2019

Árið 2019, 23. október kl. 9:00 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í húsakynnum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Sölvhólgötu 7, í Reykjavík.

Fundinn sátu: Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi (í fjarveru Ragnhildar Hjaltadóttur), Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Guðrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn undir fyrsta lið: Sverrir Jónsson skrifstofustjóri hjá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins, Inga Rún Ólafsdóttir formaður samninganefndar SNS, Harpa Ólafsdóttir formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar og Katrín Ólafsdóttir (KÓ) verkefnastjóri 7. gr. nefndar um jöfnun launa milli markaða.

Tinna Dahl Christiansen, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Kjaramálaráð.

Lögð var fram fundargerð Kjaramálaráðs ríkis og sveitarfélaga, dags. 18. september þar sem óskað er eftir því að Jónsmessunefnd beiti sér fyrir því að hlutaðeigandi stjórnvöld tryggi fjármagn í fjármálaáætlun sem ráðstafa megi til leiðréttingar á launamun einstakra hópa þegar skýr og einróma niðurstaða fæst úr starfshópi 7. gr. um jöfnun launa milli markaða.

Eftirfarandi bókun var unnin og samþykkt af samninganefnd:

KÓ gerði grein fyrir stöðu mála í 7. gr. nefndinni og framvindu verkefnisins. Skoðaðir hafa verið sjö hópar sem voru taldir samanburðarhæfastir milli markaða og launamunurinn þar á milli metinn.

Niðurstöðurnar sýna:

- Launamunur er almennt minnstur á lægstu launum, en mestur á hæstu launum (óleiðréttur).
- Mat á launamun breytist ekki til muna hvort sem lífeyrissjóðabreytan sé tekin með í reikninginn eða ekki, eða hvort horft sé einungis til neðri þriggja fjórðunga launadreifingarinnar.

- Almennt mælist launamunurinn minni fyrir reglulegt heildartímakaup en fyrir reglulegt tímakaup.
- Metinn launamunur m.v. heildartímakaup er að meðaltali í þessum sjö hópum á bilinu 10-30%.

Starfshópurinn á eftir að koma sér saman um út frá hvaða hlutlægu viðmiðum og aðferðafræði eigi að leiðrétta launamun þessara tilteknu hópa. Gera má ráð fyrir að starfshópurinn þurfi að óska eftir nánari gögnum frá Hagstofu Íslands til að geta greint betur hvaða hlutlægu viðmið séu nákvæmust.

Málið var rætt á fundinum.

Fyrir liggur að launagreiðendur hafa sett fram sameiginlega stefnu um að jafna launamun milli markaða á sex til tíu árum.

Í þeim kjaraviðræðum sem nú eru í gangi er gert ráð fyrir að gildistími nýrra samninga verði til rúmlaga þriggja ára þ.e. til marsloka ársins 2023. Að mati fulltrúa heildarsamtakanna er sitja í starfshópnum kallar það á að tekin verði ákveðin skref til að jafna launamun markaða á því samningstímabili.

Í lok fundar var áréttað að opinberir launagreiðendur munu efna fyrirheit sem fram koma í 7. gr. samkomulags um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna dags. 19. september 2016. Þegar 7. gr. nefndin hefur komist að einróma niðurstöðu sem byggir á hlutlægum og málefnalegum forsendum, um það hvaða starfahópar búi við mesta launamun milli markaða, munu hlutaðeigandi aðilar, þ.á.m. ríkið, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög, að fengnum tillögum 7. gr. nefndar, tryggja að stigin verði markviss skref til leiðréttingar á launamun einstakra starfahópa í samræmi við gefin fyrirheit.

2. Önnur mál.

Samþykkt var að fundir nefndarinnar skyldu haldnir annan miðvikudag í mánuði frá kl. 14:00-16:00.

Fundi var slitið kl. 10:00.

-TDC-